

## LISTIR

## Að lesa ljóð

## LIST OG HÖNNUN

## Kjarvalsstaðir

## LJÓÐASÝNING

## EGILL SKALLAGRÍMSSON

Opið frá 10-18 alla daga. Aðgangur 300 kr. Til 11. september.

Því að ætt mín  
á enda stendr  
sem hræbarðar  
hlynar marka;  
era karskr maðr  
sá er köggla ber  
frænda hrörs  
af fletjum niðr.

Það er sjálfgefið, að hægt er að nálgast ljóð frá mörgum hlíðum, og einnig að mögulegt er að matreiða þau á ýmsa vegu fyrir þann er les.

En það er nokkuð nýtt að hanna umgjörð um ljóð til lesturs, eins og gert hefur verið á Kjarvalsstöðum hin síðari ár, en hér er kominn angí hönnunar sem er snöggum víðara svið en margan grunar.

Eins og ég hef áður haldið fram, er það til fyrirmyndar að klæða ljóð í sjónrænan búning, og ætti það þó að standa okkur nær, því að hið sérstaka svið er að mestu ókannað er snýr að sjálfu andrúmi ljóðanna, eins og við skynjum þau hver og einn, en á óáþreifanlegan hátt. Víst er að sum ljóð búa yfir ósveigjanleika og hörku, eru gagnorð og knöpp, en önnur hafa yfir sér meiri mýkt og dýpri hljómfallanda, ef svo má að orði komast.

Og þetta er vitaskuld mögulegt að yfirfæra í sjónrænan búning og hefur á stundum verið gert með sláandi ágætum, eins og raunin var t.d. með ljóð Hannesar Péturssonar, er maður las aftur og aftur.

Uppsetningin var einfaldlega þannig að hún höfðaði til þeirra er gengu framhjá, hafði yfir sér sömu nánd og máttuga einfaldleika og ljóðin sjálf. Að þessu sinni eru ljóð sjálfs

Egils Skallagrímssonar kynnt í vestri gangi og eins og fram kemur, „rís Egils saga hæst í þeim kveðskap sem eignaður er hinni stríðlunduðu hetju. Egill er sagður uppi á tíundu öld, heiðinn maður, en þó þrímíngur á enskri grundu. Hann orti dróttkveðnar vísur sem eru með glæsilegustum skáldskap af þeim meidi. Sú bragarlist var flókin og fólu skáldin merkinguna í torskildum kenningum og orðaflækjum. Vísa varð ekki skilin nema ratað væri um völuandahús heiðinnar goðafræði og flókið líkingamál ráðið.

List dróttkveða er framandi nútímamanninum. Við verðum að læra að ferðast um nýjan myndheim, gefa okkur á vald hinni einkennilega heillandi hrynjandi — og hrífast.“

Og víst lætur maður heillast af hrynjandinum, þótt skilningnum sé ábótavant, en við látum líka heillast af svo mörgu í náttúrunni án þess að skilja það. Hér kemur gott dæmi frá mínum bæjardyrum séð:

Ókynni venst, ennis, / ungr þorði  
ég vel forðum/haukaklifs, að hefja/  
Hlín þvergnipur mínar, / verð ég í  
feld, þá er foldar/ faldr kemr í hug  
skaldi/ berg-Óneris brúna/ brátt  
miðstalli hváta/ verð ég í feld, þá  
er foldar.

Annað dæmi, en af öðrum toga:  
Langt þykir mér/ ligg ég einn  
saman, / karl afgangall, / á konungs  
vörnum; / eigum ekkjur/ alkaldar  
tvær/ en þær konur/ þurfa blossa.

—Uppsetningin er hugvitsamleg, en ekki gat ég felld mig við rauða litinn á glerinu, sem mér þótti of hrár og tilbúinn (kommersiell). Hygg ég að vænlegra hefði verið að nota heitari lit er hefur yfir sér meiri fjarlægð, t.d. einhvern anga af fjóluþlám eða jarðbrúnum.

Gefin hefur verið út sýningaraskrá, sem er að sjálfsgöðu frábær viðbót, en hvergi er þess getið hver sá um skýringartextana, né hver hannaði uppsetninguna sem er meinburur á góðri framkvæmd.

Bragi Ásgeirsson

## Sýning á norrænum grafíkverkum

OPNUÐ hefur verið sýning í anddyri Norræna hússins á 18 grafíkverkum eftir norræna listamenn. Öll verkin eru í eigu listánadeildar Norræna hússins.

Hér er um að ræða myndir eftir Braga Ásgeirsson, Sigurð Guðmundsson, Lars Ahlgrén frá Finnlandi, Jens Matthiasson frá Svíþjóð, Arnold Rottem og Victor Sparre frá Noregi, og Morgens Andersen, John Olsen og Palle Nielsen frá Danmörku.

Í fréttatilkynningu frá Norræna húsinu segir m.a.: Listánadeild Norræna hússins tók til starfa árið 1976. Hún er hluti af bókasafni Norræna hússins og með því að kaupa láns-skirteini, sem kostar 400 kr. og gildir í eitt ár, er hægt að fá lánað grafíkverk í tvo mánuði í senn.

Nú eru í listánadeildinni um 500 grafíkverk eftir listamenn frá öllum Norðurlöndunum. Frá því að deildin tók til starfa hafa verið keypt grafíkverk á sýningum norræna listamanna, en auk þess hafa borist margar gjafir frá norrænum listamönnum og öðrum. Lögð hefur verið áhersla á listræn gæði og fjölbreytni við kaup á listaverkum.

Listánadeildin hefur notið mikilla vinsælda meðal lánþega safnsins. Þeir sem fá lánuð verk eru úr öllum hópum samfélagsins og öllum atvinnugreinum, ungar og gamlar, sumir fá verk handa sér einum, aðrir koma fyrir hönd stofnana.

Sýningin í anddyri Norræna hússins stendur til 11. september og er opin kl. 9.00-19.00, nema á sunnudögum frá kl. 12.00-19.00.

## SIEMENS



\*\*\* ÍSKALT \*\*\*  
FRYSTIKISTUTILBOÐ!

Það er stutt í sláurtíðina og þá viltu sofa áhyggjulaus með matarforðann í öruggri geymslu. Siemens frystikista er rétta fjárfestingin fyrir þig.

- GT 27B03 / 250 l nettó... 44.900,- kr. stgr.
- GT 34B03 / 318 l nettó... 49.900,- kr. stgr.
- GT 41B03 / 400 l nettó... 53.900,- kr. stgr.

Gríptu tækifærið – takmarkað magn!

**SMITH & NORLAND**

NÓATÚNI 4 • SÍMI 628300

Viljir þú endingu og gæði – velur þú Siemens!

U Akranes:  
Rafþjónusta Sigurdórs  
Borgarnes:  
Giltíni  
Borgarfjörður:  
Rafstofan Hvítarskála  
Hell íssandur:  
Blómsturvellir  
Grundarfjörður:  
Guðni Hallgrímsson  
Stykkishólmur:  
Skípavík  
Búðardalur:  
Asubúð  
Ísafjörður:  
Póllinn  
Hvammstangi:  
Skjanni  
Sauðárkrúkur:  
Rafsjá  
Siglufjörður:  
Torgið  
Akureyri:  
Ljósjafinn  
Húsavík:  
Öryggi  
Þórshöfn:  
Norðurráfr  
Neskaupstaður:  
Rafalda  
Reyðarfjörður:  
Rafvélaverkst. Árna E.  
Egilsstaðir:  
Sveinn Guðmundsson  
Breiðdalsvík:  
Stefán N. Stefánsson  
Höfn í Hornafirði:  
Kristall  
Vestmannaeyjar:  
Tréverk  
Hvolsvöllur:  
Kaupfélag Rangæinga  
Selfoss:  
Arvirkinn  
Garður:  
Rafþækjav. Sig. Ingvarss.  
Keflavík:  
Ljósboginn  
Hafnarfjörður:  
Rafbúð Skúla,  
Álfaskeiði

Verzlunarskóli Íslands  
öldungadeild

Innritun í öldungadeild Verzlunarskóla Íslands  
verður 29. ágúst - 2. september kl. 08.00-18.00.

Öldungadeildin gefur kost á námi í einstökum áföngum sem jafnframt gefa einingar er safna má saman og láta mynda eftirtalin prófstig:

- Próf af bókhaldsbraut (25 einingar)
- Próf af skrifstofubraut (26 einingar)
- Verzlunarpróf (71 eining)
- Stúdentspróf (140 einingar).

Ekki er nauðsynlegt að miða að ákveðnu prófi og algengt er að fólk leggi stund á einstakar námsgreinar til að auka atvinnumöguleika sína eða sér til ánægju. Við bjóðum m.a.:

- 96 tíma tölvunámskeið og
- 104 tíma bókfærslu- og tölvunámskeið.

Eftirtaldar námsgreinar verða í boði á haustönn:

Bókfærsla  
Bókmennta- og listasaga  
Bókmenntir  
Danska  
Efna- og eðlisfræði  
Enska  
Franska  
Hagfræði  
Íslenska  
Ljóðagerð  
Markaðsfræði  
Ritvinnsla

Saga  
Skapandi ritun  
Stjórn málafræði  
Stjórnun  
Stofnun og rekstur  
smáfyrirtækja  
Stærðfræði  
Verzlunarréttur  
Vélrítun (á tölvur)  
Tölvubókhald  
Tölvunotkun  
Þýska

Kennsla í öldungadeildinni fer fram kl. 17.30-22.00 mánudaga til fimmtudaga. Skráning nemenda er á skrifstofu skólans 29. ágúst - 2. september 1994.



**Dale Carnegie**  
þjálfun®

**Kynningarfundur**  
í kvöld að Sogavegi 69

innritun og upplýsingar í síma: 812411

**STJÓRNUNARSKÓLINN**

KONRÁÐ ADOLPHSSON.EINKAUMBOÐ FYRIR DALE CARNEGIE NÁMSKEIÐIN